

# Frúmvarp til laga

um

**að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og símakerfið þar.**

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd frá 1. október 1912 einkasímalínuna frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja og talsímakerfið í Vestmannaeyjum samkvæmt ákvæðum leyfisbrjets 9. júní 1911 handa Talsíma- og ritsímafjelagi Vestmannaeyja til stofnunar og starfrækslu símasambanda þessara.

2. gr.

Til kaupanna samkvæmt 1. gr. veitist landsstjórninni heimild til að taka allt að 45000 króna lán fyrir landssjóðs hönd.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

---

Athugasemdir við lagafrúmvarp þetta.

Með leyfisbrjefi 9. júní 1911, sem Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, var Talsíma- og ritsímafjelagi Vestmannaeyja veitt leyfi, samkvæmt lögum nr. 12, 20. október 1905, til þess að stofna og starfrækja talsíma- og ritsímasamband milli Eystri-Garðsauka og Vestmannaeyja og símakerfi á Vestmannaeyjum. Leyfið var veitt til 1. október þ. á. en skal þá endurnýjað til 9 ára, ef landssjóður kaupir símann ekki þá fyrir bóktært verð, að viðbættum viðhaldskostnaði, þannig að frá tjeðri fjárhæð skal draga það, sem fyrir-tækið hefir gefið af sjer fram yfir 6% af stofnkostnaðinum. Vilji landssjóður hins vegar taka símann eftir tjeðan tíma, fer um endurgjaldið samkvæmt ákvæðum framannefndra laga 20. október 1905. Landssímastjórinn hefir nú skýrt stjórnarráðinu frá því, að stofnkostnaðurinn muni hafa orðið um 45000 kr. en viðhaldskostnaður hingað til svo sem enginn. Jafnframt hefir hann látið í ljósi, að hann byggist við, að ágóðinn af rekstrinum um tímabilið frá 31. 1911 til 30. sept. 1912 muni verða um 16% af stofnkostnaðinum, svo búast megi við, að talsverð fjárhæð dragist frá stofnkostnaðinum, ef til vill allt að 4000 kr., ef landssjóður kaupir 1. okt. þ. á. Landsstjórninni virðist því ein-sætt að sleppa ekki þessu tækifæri til að kaupa símann, sem útlit er fyrir að landssjóður hafi fjárhagslegan hag af að eignast, auk þess að það gerir al-menningi auðveldara og ódýrara að nota hann.